




Morgunblaðið/Kristinn

Errósafnið hefur fengið aðstöðu í Hafnarhúsinu sem var opnað á menningarborgarárinu.



„Sjóræningjar Polanskis“ (99x79) eftir Erró frá árinu 1988.

ERRÓSAFNIÐ FÆR FASTAN SAMASTAÐ

MED sýningunni sem opnar í öllum söllum Hafnarhússins í kvöld hefur Errósafnið, sem vaxið hefur jafnt og þétt frá því að listamaðurinn ánaftaði Reykjavíkurborg rúmlega 2000 verka sinna árið 1989, fengið varanlegan sess í safninu. Eftir að opnunar sýningunni lýkur í janúar á næsta ári verður hluti af safninu til sýnis að staðaldri í a.m.k. einum sal Hafnarhússins og hefur Listasafn Reykjavíkur jafnframt til umráða sérútbúnaðar geymslur þar sem safnið verður varðveitt. Fjölbreytilegar sýningar, auk kynningar- og fræðslustarfsemi, verða jafnframt starfræktar allan ársins hring.

Opnun Errósafnsins og það aðgengi almennings að verkunum sem því fylgir markar tímamót í uppbyggingu Listasafns Reykjavíkur sem nú er starfrækt á þremur stöðum, á Kjarvalsstöðum, í Ásmundarsafni

Formleg opnun Errósafnsins í Hafnarhúsinu í kvöld er mikill áfangi í sögu Listasafns Reykjavíkur en rúmlega 12 ár eru liðin frá því að listamaðurinn gaf Reykjavíkurborg veglegt safn verka sinna. HEIÐA JÓHANNS-DÓTTIR kynnti sér söguna á bak við safnið.

við Sigtún og í Hafnarhúsinu, auk umsjónar með útlistaverkum í eigu borgarinnar. Hvert safn hýsir eitt hinna stóru sérsafna Listasafns Reykjavíkur, Kjarvalssafnið sem telur rúmlega 5000 verk, Ásmundarsafnið sem telur um 2800 verk og Errósafnið sem fundinn hefur verið staður í Hafnarhúsinu sem tók til starfa á síðasta ári. Þá jókst rými Listasafns Reykjavíkur til sýningar-

halds fyrir myndlist samtímans til muna með opnun Hafnarhússins.

Viðburður í listalífinu

Segja má að saga Errósafnsins á Íslandi hafi byrjað í september árið 1989 þegar Reykjavíkurborg þáði rausnarlega listaverkagjöf frá Erró. Davíð Oddsson, þáverandi borgarstjóri, tilkynnti um gjöfina við

opnun stórrar sýningar á samtímaverkum eftir Erró á Kjarvalsstöðum en Ólafur B. Kvaran veitti listasafninu þá forstöðu. Í ræðu sinni sagðist Davíð hafa vitnað til þess að Erró hefði í hyggju að gefa Reykjavíkurborg nokkuð af myndum eftir sig, en rausnarskapur listamannsins hafi gersamlega komið sér í opna skjöldu og yrði gjöfin, þótt verðmæt væri, aldrei fyllilega metin til fjár. Um var að ræða safn 2270 verka frá öllum skeiðum ævi listamannsins, málverk, vatnslitamyndir, þekjulitamyndir, graffíkmyndir, teikningar og samklippur, auk þess sem borgin fékk til varðveislu ýmis gögn úr fórum Errós sem varpa ljósi á feril listamannsins og líf hans, s.s. skissubækur, dagbækur, bréfasafn, ljósmyndir, veggspjöld, greinar og bækur. Engin skilyrði fylgdu gjöfinni af hálfu listamannsins og gaf Erró jafnframt fyrirheit um að fleiri verk bættust í safnið í framtíðinni.

Þessi viðburður í listalífi þjóðarinnar gat af sér talsverðar umræður í þjóðfélaginu.